

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. maí 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-82/2014:

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 9. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á lakki bifreiðar, sem upphaflega var flutt inn og seld ný af Y, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst þess að gagnaðili beri að fullu kostnaði við að lagfæra ryð á vélarhlíf bifreiðarinnar.

#### II

##### Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. október sl., gaf kæruneftndin gagnaðila kost á andsvörum og bærust þau hinn 24. október. Með bréfi, dags. 30. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust þær hinn 11. nóvember. Með bréfi, dags. 20. nóvember, var gagnaðila gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til þess að skila þeim til 4. desember. Engin frekari gögn bærust nefndinni. Með bréfi, dags. 11. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### III

##### Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 26. ágúst 2014 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af þriðja aðila fyrir kr. 1.550.000. Var bifreiðin af gerðinni Volkswagen Polo, árgerð 2010, fyrst skráð 8. apríl 2010. Segir álitsbeiðandi að um leið og hann varð var við ryð innan á vélarhlíf bifreiðarinnar hafi hann farið með bifreiðina til gagnaðila, sem er með umboð fyrir bifreiðar af umræddri tegund, enda hafi gagnaðili auglýst 10 ára ábyrgð á ryði. Hjá gagnaðila voru teknar myndir af bifreiðinni. Hins vegar hafnaði gagnaðili ábyrgð á ryðinu í vélarhlífinni á þeim forsendum að bifreiðin hefði ekki verið þjónustuð af gagnaðila. Rekur álitsbeiðandi að bifreiðin hafi farið í reglulega smurþjónustu hjá N1 og um leið og ryðið hafi komið í ljós hafi verið farið með bifreiðina til gagnaðila, sem hafi flutt inn og selt bifreiðina nýja. Segir álitsbeiðandi að ryðið sé staðsett innan á vélarhlíf, aftast við samskeyti. Við skoðun sprautuverkstæði hafi starfsmönnum verkstæðisins komið ryðið á óvart og var það þeirra mat að framleiðandi ætti að bæta úr þar sem um væri að ræða galla á undirvinnu frá framleiðanda, sem aftur sé orsakavaldur þess ryðs sem væri að koma í ljós. Segist álitsbeiðandi tvisvar hafa rætt við þjónustustjóra gagnaðila sem hafi hafnað kröfum sínum þar sem bifreiðin hafi ekki verið þjónustuð hjá gagnaðila. Í samtölum við þjónustustjóran hafi þó komið fram að gallinn væri að koma í ljós, þ.e. væri á byrjunarstigi og ekki hefði verið um að ræða tjón fyrir gagnaðila eða framleiðanda sökum biðtíma, þ.e. að skemmdir væru ekki búnar að aukast vegna tómlætis eiganda bifreiðarinnar.

Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi þess að gagnaðili lagfæri skemmdir af völdum ryðs innan á vélarhlíf bifreiðarinnar. Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og gagnaðila, afrit af ferli bifreiðarinnar xx-000 úr ökutækjaskrá og ljósmyndir af umræddu ryði.

#### IV

##### Andsvör gagnaðila

Í andsvörum gagnaðila kemur m.a. fram að bifreið sú er deilt er um hafi verið nýskráð og afhent hinn 8. apríl 2010. Samkvæmt ábyrgðarskilmálum bifreiðarinnar hafi hún verið seld með 2 ára ábyrgð gagnvart framleiðslugöllum og 3 ára skilyrtri ábyrgð gagnvart göllum á lakki eða undirvinnu þess. Eitt af skilyrðunum var að ef vanrækt væri að lagfæra minniháttar skemmdir eða flögnun á lakki sem síðar ylli tæringu, þá féllu þær skemmdir ekki undir ábyrgð. Eins hafi framleiðendur ábyrgst yfirbyggingu bifreiðarinnar gagnvart gegnumryði í 12 ár með ákveðnum skilyrðum. Skilyrði þeirrar ábyrgðar sé hins vegar sú að bifreiðin sé þjónustuð af gagnaðila í samræmi við fyrir mæli í þjónustubók. Umrædd bifreið eigi að koma í slíka skoðun á 2 ára eða 30.000 km fresti. Í þjónustueftirliti fari m.a. fram lakkskoðun. Mikilvægt sé að fylgjast með ástandi lakks til að koma í veg fyrir að minniháttar skemmdir breiðist út.

Gagnaðili rekur að hinn 28. ágúst 2014 hafi félaginu borist kvörtun frá eiganda umræddrar bifreiðar, en kvörtunin laut að ryðskemmdum innan á vélarhlíf. Bifreiðin var þá rétt rúmlega 4 ára gömul og ljóst að 3 ára ábyrgð gagnvart framleiðslugalla á lakki var liðin. Þá hafi komið til álita hvort skemmdirnar féllu undir 12 ára ábyrgð gagnvart gegnumryði. Eftir skoðun á vélarhlífinni var talið að skemmdir á henni væri það miklar að nauðsynlegt yrði að skipta um vélarhlífina. Við skoðun á þjónustubók bifreiðarinnar hafi komið í ljós að ekki hafði verið fylgt fyrir mælum framleiðanda varðandi þjónustueftirlit. Því hafi gagnaðili hafnað að taka þátt í kostnaði við viðgerðina.

Segir gagnaðili að útilokað sé að tímasetja hvenær vélarhlífina byrjaði að skemmast og hvers vegna, þar sem skemmdirnar hafi „greinilega verið lengi að gerjast“. Hvort um sé að ræða framleiðslugalla, ákomuskemmd eða annað sé ekki hægt að fullyrða um. Þar sem ekki hafi verið gert við skemmdina þegar hennar hafði mátt verða vart, hafi kostnaður við viðgerð margfaldast. Að lokum hafnar gagnaðili kröfum álitsbeiðanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram álitsbeiðandi telur að gagnaðili hafi ekki fært sönnur á að í þeirri þjónustu sem bifreiðin hafi farið í hafi ekki verið menn með kunnáttu til að sjá ryðmyndun í bifreiðinni. Aðeins sé um álit gagnaðila að ræða í því skyni að sniðganga auglýsta ábyrgð. Gagnaðili ákveði að segja ósatt með því að snúa málatilbúnaði frá því sem sagt var við skoðun félagsins á bifreiðinni, að álitsbeiðanda viðstöddum, í þeim tilgangi að sniðganga veitta ábyrgð. Við skoðun á réttingarverkstæði þriðja aðila hafi það verið mat tveggja aðila að vélarhlífina væri vel viðgerðarhæf. Við skoðun á öðru verkstæði hinn 10. nóvember 2014 hafi það verið mat annars eiganda verkstæðisins að vélarhlífina væri viðgerðarhæf. Mat beggja verkstæða var að ryðmyndun á innanverðri vélarhlíf bæri merki um ábyrgðartjón sem umboð ætti að bæta. Erfitt væri að sýna fram á annað. Þá hafnar álitsbeiðandi því að tjónið á bifreiðinni hafi margfaldast vegna tómlætis. Mat framangreindra verkstæða styðji það og ljóst sé að gagnaðila var tilkynnt um ryðmyndun um leið og hennar varð vart. Meðfylgjandi athugasemdum álitsbeiðanda er afrit af kaupsamningi og afsali vegna kaupa á bifreiðinni.

## VI

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup sem og lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. síðar.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 26. ágúst 2014 fyrir kr. 1.550.000. Bifreiðin er árgerð 2010 og fyrsti skráningardagur hennar 8. apríl 2010. Bifreiðin var því 4 ára og tæplega 5 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 44.000 km þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Af kaupsamningi og afsali fyrir umþrættri bifreið verður ráðið að kaupin fóru fram án milligöngu bifreiðasala. Giltu því lög nr. 50/2000 um kaupin. Var seljandi þriðji aðili, þ.e. ekki nefndur gagnaðili í máli þessu, en samkvæmt ferli ökutækisins í ökutækjaskrá höfðu 4 aðrir aðilar átt bifreiðina frá því hún var upphaflega seld af gagnaðila hinn 8. apríl 2010 og þar til álitsbeiðandi eignaðist hana hinn 26. ágúst sl. Álitsbeiðandi hefur engu að síður beint kröfum sínum um úrbætur vegna ryðs í vélarhlíf að gagnaðila, sem jafnframt er innflutnings- og umboðsaðili bifreiðarinnar. Er krafa álitsbeiðanda byggð á því að gagnaðili hafi, við upphaflega sölu á bifreiðinni, gefið út 12 ára ábyrgð á bifreiðinni hvað varði gegnumryð.

Í lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000 er frestur kaupenda til að bera fyrir sig galla 2 ár, sbr. 2. mgr. 32. gr. laganna. Í lögum nr. 48/2003 um neytendakaup er umræddur frestur ýmist 2 eða 5 ár eftir atvikum, sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. samskonar ákvæði í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 48/2003, getur seljandi hins vegar með ábyrgðaryfirlýsingu ábyrgst söluhlut til lengri tíma en almennur frestur kaupanda til að bera fyrir sig galla nær til, þ.e. eftir atvikum lengur en í 2 eða 5 ár. Eiga framangreindar lagagreinar þannig við um tilvik þar sem seljendur veita sérstaklega langa ábyrgð á söluhlut, sem þá nær út fyrir almenna kvörtunarfresti kaupenda. Eru slíkar ábyrgðaryfirlýsingar bindandi fyrir yfirlýsingargjafann, í þessu tilviki gagnaðila, með þeim skilyrðum sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni.

Samkvæmt ofanröktum ákvæðum ber seljandi því almennt ábyrgð samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu sinni, í þann tíma sem sú yfirlýsing nær til, séu þau skilyrði sem fram koma í ábyrgðaryfirlýsingunni uppfyllt. Með þessum hætti geta seljendur eftir atvikum veitt neytendum meiri rétt en leiðir af lögum. Í fyrri álitum kærunefndarinnar hefur verið fjallað um gildi þess að seljandi geri skilyrði fyrir ábyrgð sinni á seldri nýrri bifreið, að þjónustuskoðanir og viðhald bifreiðarinnar séu framkvæmd af seljanda sjálfum, ella gildi ekki ábyrgð seljanda á göllum. Þess konar skilyrði hefur kærunefndin talið haldlaus í þeim tilvikum sem neytendur hafa kvartað undan göllum innan tímafresta laganna, sem eftir atvikum eru 2-5 ár frá kaupdegi og, ef við á, sýnt sé fram á að viðhaldi eða þjónustu bifreiðarinnar hafi verið í engu ábótavant þrátt fyrir að það hafi ekki verið framkvæmt af þeim aðila sem seljandi setti að skilyrði fyrir ábyrgð sinni.

Sé hins vegar málum svo háttað, að þeir tímafrestir sem neytendum eru gefnir í lögum til að bera fyrir sig galla, eru liðnir, fær kærunefndin ekki annað séð en að seljanda sé að fullu heimilt að skilyrða ábyrgð sína. Sú ábyrgð framleiðanda sem hér er fjallað um á, að uppfylltum skilyrðum, að gilda í 12 ár. Er ekki óeðlilegt að slíkri yfirlýsingu séu sett nokkuð ströng skilyrði. Gagnaðili hefur í andsvörum sínum talið að umrædd skilyrði séu ekki uppfyllt og því falli bifreið álitsbeiðanda ekki undir 12 ára ábyrgðaryfirlýsingu gagnaðila. Telur kærunefndin að það falli utan við valdsvið hennar skv. lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Tekur kærunefndin því ekki afstöðu til matsins og stendur það óhaggað.

Óháð framansögðu stendur hins vegar eftir að umrædd bifreið var, samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá, upphaflega seld til neytanda í skilningi 2. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, hinn 8. apríl 2010. Þegar álitsbeiðandi, sem er fimmti eigandi bifreiðarinnar, kvartaði undan galla á vélarhlíf við seljanda, hinn 26. ágúst 2014 voru því liðin

um 4 ár og 5 mánuðir frá upphaflegum kaupum. Í 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup að ákvæði um kröfur á hendur fyrri söluaðilum. Í greininni segir m.a.:

„Neytandi getur borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila.

Samningi við fyrri sölu, sem takmarkar rétt seljanda eða annars framsalshafa, verður ekki beitt gegn kröfu neytanda skv. 1. mgr. í viðtækara mæli en unnt hefði verið að semja um í skiptum neytandans og seljandans.

Ákvæði 27. gr. um tilkynningar gilda með samsvarandi hætti um ákvæði þessarar greinar. [...]

Er 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup að miklu leyti til samhljóða 84. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Við setningu síðarnefndu laganna var um að ræða nýmæli í íslenskum kaupalögum, sem ekki átti sér hliðstæðu í gildandi lögum þess tíma hér á landi. Hliðstætt ákvæði var þá hvorki að finna í dönskum, sænskum né finnskum lögum, en sótti fyrirmynd sína til norsku kaupalaganna frá 1988. Í framanrakinni grein er kveðið á um rétt kaupenda til að gera gallakröfur á hendur fyrri söluaðila. Er miðað við að kaupandi gangi þannig inn í réttindi seljanda, og þá einnig réttindi fyrri söluaðila, án þess að gerð sé sérstök krafa um að seljandinn, eða fyrri seljendur, framselji kröfuréttindi sín sérstaklega. Í þessu tiltekna máli sem hér er til skoðunar hefur greinin þá þýðingu að núverandi eigandi hinnar umþrættu bifreiðar, nefndur álitsbeiðandi, getur, á grundvelli 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, gert kröfu á hendur nefndum gagnaðila í tengslum við bifreiðina, enda hefði seljandi eða fyrri söluaðilar getað gert slíka kröfu. Í 2. mgr. er síðan tekið fram að í samningar við fyrri sölu, í þessu tilviki á hinni umþrættu bifreið, geti ekki takmarkað rétt álitsbeiðanda í þessu máli meira en samningur upphaflegs seljanda við upphaflegan kaupanda hefði getað gert. Þýðir þetta, m.a. að álitsbeiðandi í þessu máli getur, skv. 3. mgr. 35. gr. borið fyrir sig galla við nefndan gagnaðila, sem var upphaflegur seljandi bifreiðarinnar, skv. ákvæðum 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Í 2. mgr. 27. gr. segir m.a.:

„Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutum var veitt viðtaka. [...]

Í greininni er kveðið á um að neytandi, þ.e. í þessu tilviki álitsbeiðandi, sbr. áðurnefnd 3. mgr. 35. gr. laganna, verði að bera fyrir sig galla innan 2 ára frá þeim degi sem söluhluturinn var upphaflega afhentur. Þá kemur fram að ef söluhlutum, eða hlutum hans, sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti, sé frestur til að bera fyrir sig galla 5 ár. Að mati kærunefndarinnar geta neytendur alla jafnað borið fyrir sig galla á yfirbyggingu bifreiða í allt að 5 ár í þeim tilvikum sem um gegnumryð er að ræða, enda sé yfirbygging einn af hlutum bifreiða sem ætlaður sé verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Tekur þetta mat kærunefndarinnar aðeins til yfirbyggingarinnar sem slíkar, en ekki til t.d. lakkskemmda á yfirbyggingu, sem hæpið er að féllu undir 5 ára kvörtunarfrest, án þess að hér sé sérstaklega tekin afstaða til þess.

Sem fyrr segir kvartaði álitsbeiðandi undan galla við gagnaðila um 4 árum og 5 mánuðum eftir að bifreiðin var upphaflega afhent. Hefur álitsbeiðandi því að mati kærunefndarinnar borið fyrir sig galla á bifreiðinni innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Liggur því næst fyrir að meta hvort vélarhlíf bifreiðarinnar geti talist haldin galla í skilningi laga nr. 48/2003.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laganna. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Að mati kærunefndarinnar verður að fallast á það með álitsbeiðanda að vélarhlíf bifreiðar hans sé haldin galla í skilningi 16. gr. sbr. 15. gr. laganna, enda ekkert í gögnum málsins sem bendir til þess að núverandi ástand vélarhlífarinnar, þ.e. mikið ryð á innanverðri vélarhlífinni, verði rakið til sakar álitsbeiðanda eða fyrri eiganda bifreiðarinnar, eða aðstæðna sem þá vörðuðu. Verður ekki annað séð en vélarhlífin sé gegnumryðguð og að það ástand hennar verði fyrst og fremst rakið til galla við framleiðslu hennar.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Álitsbeiðandi í máli þessu hefur krafist þess að seljandi framkvæmi úrbætur á vélarhlíf bifreiðarinnar, sbr. 29. og 30. gr. laganna. Telur kærunefndin rétta að fallast á þá kröfu. Bent er á að úrbætur skulu fara fram án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir álitsbeiðanda og innan hæfilegs tíma, sbr. 1. mgr. 30. gr. laganna.

## VII

### Álitsorð

Gagnaðila, Y ber að framkvæma úrbætur á vélarhlíf bifreiðarinnar xx-000, álitsbeiðanda, X, að kostnaðarlausu.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir